

Þjónustusamningur

Milli menntamálaráðuneytisins annars vegar og Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins hins vegar um verkefni og fjárframlög til eflingar og endurskipulagningar á starfsfræðslu í atvinnulífinu, í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 13. desember 2001.

Menntamálaráðuneytið kt. 460269-2969, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar annars vegar og hins vegar Alþýðusamband Íslands (ASÍ) kt. 420169-6209, og Samtök atvinnulífsins (SA), kt. 680699-2919, gera með sér svohljóðandi þjónustusamning.

1. gr.

ASÍ og SA taka að sér að annast og sjá um framkvæmd samstarfsverkefna um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði, á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 13. desember 2001. Nánar tiltekið fela þessi samstarfsverkefni í sér að efla framboð á námstækifærum fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, innflytjendur o.fl., svo og önnur verkefni sem hafa almenna samfélagslega skírskotun.

Í þessu skyni hafa ASÍ og SA stofnað Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. (FA). FA er samstarfsvettvangur ASÍ og SA um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði sem mun eiga samstarf við menntamálaráðuneytið og þær fræðslustofnanir sem tilgreindar eru í fylgiskjali 1. FA er einnig ætlað að þjóna sameiginlegum fræðslustofnunum sem starfa á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Samþykktir fyrir FA eru í fylgiskjali 2 með samningnum og ASÍ og SA hafa gert sameiginlega yfirlýsingu um túlkun nokkurra ákvæða í samþykktum FA og er hún í fylgiskjali 3.

2. gr.

Meginmarkmiðið með verkefnum samkvæmt samningi þessum er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

Verkefni sem FA tekur að sér eru eftirfarandi:

- a) Að stuðla að aukinni og bættri fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, óháð búsetu á landinu.
- b) Stuðningur við fræðsluaðila við að skilgreina menntunarþarfir markhópa og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þeim þörfum.
- c) Aðstoða menntamálaráðuneytið við að þróa aðferðir við mat á námi og námsárangri, þ.m.t. mat og vottun á óformlegu námi og starfsþjálfun í samstarfi við atvinnulífið og fræðsluaðila. Einnig að taka þátt í að þróa aðferðir við uppbyggingu námsferilsskrár fyrir einstaklinga í markhópnum.
- d) Almenn upplýsingagjöf um fræðslumál og söfnun og miðlun upplýsinga fyrir markhópana.
- e) Að annast önnur verkefni sem falla að meginmarkmiði samnings þessa og menntamálaráðuneytið kann að fela FA.

3. gr.

FA skal fyrir 1. september ár hvert leggja starfs- og rekstraráætlanir sínar fyrir næsta ár fyrir menntamálaráðuneytið til samþykktar.

FA skal fyrir marslok ár hvert senda menntamálaráðuneytinu endurskoðaðan ársreikning og gera grein fyrir starfsemi síðasta árs. Sérstaklega skal gera grein fyrir verkefnum sem FA hefur unnið samkvæmt samningi þessum og öðrum verkefnum fyrir tilmæli menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið og FA skulu í sameiningu móta forsendur fyrir mati á árangri starfsemi FA ár frá ári.

Gert er ráð fyrir reglulegum samráðsfundum aðila tvisvar á ári sem menntamálaráðuneytið boðar til. Að því samráði koma aðrir aðilar sem málið varðar, s.s. félagsmálaráðuneytið.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið greiðir FA frá og með 2004 kr. 60 milljónir á ári fyrir þá þjónustu sem FA lætur ráðuneytinu í té samkvæmt samningi þessum á ætluðu meðalverðlagi fjárlaga 2003. Fyrir árið 2003 greiðir ráðuneytið kr. 53 milljónir.

Greiðslur skv. þjónustusamningi þessum skulu taka breytingum í samræmi við breytingu á almennu verðlagi fjárlaga milli ára á gildistíma samningsins sbr. 8. gr.

Árlegt framlag samkvæmt samningi þessum greiðist mánaðarlega með jöfnum greiðslum.

5. gr.

FA ber fulla ábyrgð á framkvæmd verkefna skv. þjónustusamningi þessum en er þó heimilt að kaupa þjónustu verktaka vegna einstakra verkefna.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið annast eftirlit vegna þessa þjónustusamnings. Fulltrúar menntamálaráðuneytisins hafa heimild til að fylgjast með allri framkvæmd og starfsemi FA. Umsamin verkefni eru háð eftirliti Ríkisendurskoðunar í samræmi við lög.

7. gr.

Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. gr.

Þjónustusamningur þessi gildir frá 1. apríl 2003 til ársloka 2006, en að jafnaði skal stefnt að endurnýjun samningsins til þriggja ára í senn.

Endurskoðun skal ljúka eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok gildistíma samningsins, enda liggi fyrir verkefni sem samningsaðilar eru sammála um að vinna þurfi. Samningurinn tekur þá þeim breytingum sem samningsaðilar eru sammála um.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit og heldur hvor aðili sínu.

Reykjavík 2. apríl 2003

F.h. menntamálaráðuneytisins
Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra

F.h. Alþýðusambands Íslands
Grétar Þorsteinsson, forseti

F.h. Samtaka atvinnulífsins
Finnur Geirsson, formaður

Fylgiskjal 1

Tengsl starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. við aðra fræðsluaðila með hliðsjón af skörun og samstarfi.

Starfsmenntaráð:

Starfar samkvæmt lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu. Hér er um a ræða nefnd sem starfar á vegum félagsmálaráðuneytisins, hefur aðstöðu þar og með ritara í hlutastarfi. Veitir styrki til námskeiðahalds samkvæmt umsóknum einkum frá fyrirtækjum, samtökum, félögum og fræðsluaðilum. Markar fjárveitingum sínum stefnu og hefur látið gera rannsóknir á fullorðinsfræðslu.

Tengsl við FA:

Starfsemi FA og Starfsmenntaráðs skarast ekki. FA á að geta orðið stuðningur við starfsemi Starfsmenntaráðs.

Símenntunarmiðstöðvar:

Þær miðla námskeiðum, sem eru eign ýmissa aðila og haldin eru af þeim. Þær sinna námsráðgjöf og þarfagreiningu hver á sínu svæði. Sömu aðilar og standa að FA eru í mörgum tilvikum einnig aðilar að símenntunarmiðstöðvum.

Tengsl við FA:

Verkefni FA og símenntunarmiðstöðvanna er um margt hin sömu (miðla fræðslu, greina þarfir, ráðgjöf, hafa frumkvæði að námskeiðum). Sérstaða FA er þó sú að markhópur hennar er fólk á landinu öllu sem horfið hefur frá námi úr skólakerfinu en markhópur símenntunarmiðstöðvanna er ekki skilgreindur. FA á að geta verið e.k. „regnhlíf” fyrir símenntunarmiðstöðvar einstakra svæða varðandi þjónustu við hinn skilgreinda markhóp. Starfsemin er skyld og skarast að hluta. Nærtækt er að FA og símenntunarmiðstöðvar verða nánir samstarfaðilar á sameiginlegum sviðum.

Framhaldsskólar og ýmsar fræðslustofnanir:

Sem dæmi um fræðslustofnun má nefna Mími-símenntun og Námsflokka Reykjavíkur. Þessir aðilar bjóða námskeið af ýmsu tagi fyrir einstaklinga og atvinnulífið, oft í samvinnu við félagasamtök og fyrirtæki.

Tengsl við FA:

FA verður ekki námskeiðshaldari og því skarast starfsemi hennar ekki við það sem framhaldsskólar og aðrar fræðslustofnanir sinna fyrst og fremst. Þessir aðilar verða væntanlega mikilvægir samstarfsaðilar FA við framkvæmd námskeiða og annarrar fræðslu.

Svæðisvinnumiðlanir:

Svæðisvinnumiðlanir starfa á 12 stöðum á landinu. Þær eiga að beita sér fyrir menntunarúrræðum fyrir atvinnulausa. Oft er þar um að ræða námskeið fyrir ófaglærða einstaklinga sem haldin eru í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar sem sjá um námskeiðahaldið.

Tengsl við FA:

Markhópar FA og svæðisvinnumiðlana skarast greinilega. Samstarfs FA, símenntunarmiðstöðva og svæðismiðlana liggur beint við og ætti að geta styrkt stöðu atvinnuleitenda.

Sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA:

Fræðslusjóðir (Landsmennt, Sjómennt, Starfsafl, Starfsmenntajóður verslunar- og skrifstofufólks) eiga að standa straum af kostnaði félagsmanna við endurmenntun. Fræðslumiðstöðvar löggiltra iðngreina sinna einkum endurmenntun fyrir faglærða einstaklinga. Aðrar sameiginlegar stofnanir, nefndir og sjóðir gegna skilgreindum verkefnum.

Tengsl við FA:

Starfsemi þessara sameiginlegu stofnana og FA skarast ekki. FA er ætlað að veita þessum sameiginlegu stofnunum þjónustu og fyrirgreiðslu skv. samstarfssamningum.

Mennt:

Mennt er samstarfsvettvangur atvinnlífs og skóla sem meðal annars er að vinna að gerð upplýsingaveitu um menntun.

Tengsl við FA:

Eitt af verkefnum FA er upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun um námsmöguleika ófaglærðra sem skarast beint við starfsemi Menntar. Eðlilegt er að hugað verði að samstarfi FA og Menntar frá upphafi.